



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Hlíð

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022.....	6
3 Innra mat Keilis.....	6
4 Innra mat Baula	8
5 Innra mat Grábrókar.....	11
6 Innra mat Laka	13
7 Innra mat Askja.....	15
8 Innra mat sérkennslu.....	19
5 Innra mat – fjöltyngd börn	22
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	22
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	22
8 Foreldrasamvinna	22
9 Skipulagsdagar.....	23
10 Umsögn foreldraráðs.....	23



Leiðarljós leikskólans

Að nemendum okkar líði vel tilfinningalega jafnt sem líkamlega, að þeir hafi góða félagsfærni og skilji mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2021-2022 var mjög krefjandi sökum heimsfaraldursins og frá september til desember leið varla sá dagur þar sem einn eða fleiri starfsmenn voru ekki veikir. Í janúar og febrúar bættust svo við lokanir á deildum þar sem starfsfólk og börn höfðu verið útsett fyrir smiti. Steininn tók úr þegar öllum takmörkunum var aflétt í lok febrúar því þá veiktist nær allt starfsfólk af covid og var frá vinnu, sumir vel á aðra viku. Í kjölfarið fylgdi svo illvíg flensa sem lagði nær allt starfsfólk.

Skólaárið hefur því reynt gríðarlega mikið á allt starfsfólk leikskólans sem lagði mikið á sig og var lausnamiðað til að láta þetta allt saman ganga. Að hluta til má þakka þennan árangur þeim velvilja og hlýja hug sem við fundum frá foreldrum þó að þetta ástand hafi efalaust haft truflandi áhrif á þeirra líf. Þrátt fyrir erfiðan vetur höfum við því í sameiningu náð að halda uppi tiltölulega eðlilegu skólastarfi og er það mat okkar að vel hafi tekist til og að börnunum hafi liðið vel, sem er það sem mestu máli skiptir.

Það var ekki fyrr en í maí sem tók að birta til og við fundum að allt væri að færast í eðlilegt horf. Það fóru að koma dagar þar sem allt starfsfólk var í vinnu. Á skipulagsdegi 13. maí fórum við í vel heppnaða námsferð til Hveragerðis þar sem við skoðuðum leikskólann Undraland vegna þess að hann er með svipaðar áherslur í skólastarfi og við, en í honum er unnið með Lubba, Blæ bangsa og leikur að læra. Einnig fengum við leiðsögn um Garðyrkjuskólann í Hveragerði. Síðast en ekki síst þá var þetta góð hópefning og mikið fagnaðarefni að geta loksins hist öll saman og gert okkur glaðan dag.

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahaldi þennan vetur. Við réðum 6 nýja starfsmenn inn á deildir, 2 í upphafi skólaárs og 4 um áramótin. Auk starfsmanna á deild réðum við nýjan deildarstjóra á Keili sem sérhæfir sig í námi ungra barna. Annar deildarstjóri kom aftur úr fæðingarorlofi og tók við Grábrók. Deildarstjórinn sem var þar fyrir færði sig yfir á Laka og sá sem var áður á Laka tók við starfi verkefnastjóra fjölmenningar fram til áramóta. Þá tók hann við sem nýr leikskólastjóri þegar Elísabet lét af störfum.

Verkefnastjóri fjölmenningar er nýtt starfsheiti í leikskólanum. Hann sinnti m.a. málörvun og mati á málþroska tvítyngdra barna. Hann tók einnig þátt í nýju verkefni sem kallast „Velkomin“ verkefnið og var unnið í samvinnu við þjónustumiðstöð og skóla í hverfinu. Verkefnið fólst í því að teymi tók á móti nýjum erlendum fjölskyldum og kynnti þá þjónustu sem er í boði fyrir hverja fjölskyldu í hverfinu. Því miður hafði heimsfaraldurinn þau áhrif að þetta verkefni féll niður áður en það komst almennileg á laggirnar. Næsta skólaár stefnum við að því að ráða nýjan verkefnastjóra fjölmenningar sem kemur til með að halda utan um fjölmenningarstarf



og vonandi þetta verkefni. Er það von okkar að við getum þróað þetta starf með tilliti til þeirra breytinga sem eru að eiga sér stað í samfélaginu. Má þar m.a. nefna Betri borg fyrir börn.

Síðustu misseri höfum við fengið þróunarstyrki til að innleiða Menntastefnu Reykjavíkurborgar, Látum draumana rætast. Helstu áherslur okkar voru læsi og félagsfærni. Stefnt var að því að vera með námskeið s.l. haust í Leikur að læra. Leikur að læra er kennsluaðferð þar sem lögð er áhersla á að kenna börnum í gegnum leik og hreyfingu. Vegna „ástandsins“ urðum við að fresta þessu námskeiði um ár og nú er stefnt að því að halda það næsta haust. Þá mun allt starfsfólk fara á námskeið og síðan munu kennarar frá LAL fylgja verkefninu eftir og leiðbeina starfsfólki við að setja upp hópstundir þar sem unnið er út frá þessari hugmyndafræði. Í vor fóru svo allir stjórnendur á Tras námskeið. Tras er skráningaraðferð til að fylgjast með málþroska 2-5 ára barna. Sökum manneklu var þetta ákveðin áskorun, en við létum þetta ganga, enda mikilvægur liður í því að efla stjórnendur í starfi og bæta gæði faglegs starfs.

Í Menntastefnu Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á að þróa lærdómssamfélög í skólum og er það eitthvað sem við höfum mikinn áhuga á. Við stefnum að því að starfsfólk geti farið á námskeið til að tileinka sér nýja tækni, þekkingu og hugmyndir í kennslu. Teymisvinna er líka eitthvað sem okkur dreymir um því hún styður við starfsþróun starfsfólks í leikskólum og bætir fagleg gæði starfsins. Okkur er þó sniðinn þröngur stakkur þar sem fjárhagsáætlun okkar býður ekki upp á mikið rými til slíkra starfa, þrátt fyrir að lögð sé áhersla á þetta í Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Við munum þó reyna að hugsa í lausnum og ljóst er að einhverjar skipulagsbreytingar eiga eftir að eiga sér stað í leikskólanum.

Allir viðburðir tengdir foreldrasamstarfi niður og þótti okkur það miður. Okkur hlakkar til að setja þá alla aftur á dagskrá og eins stefnum við að því að auka foreldrasamstarf enn frekar. Meðal annars viljum við leggja áherslu á aðkomu foreldra að mati á skólastarfi, sem og þátttöku þeirra samvinnu í öðrum viðburðum. Einnig stefnum við að því að bæta upplýsingamiðlun til foreldra. Við stefnum að því að nota Völu meira og eiga samtal við foreldra um form myndbirtinga. Einnig eigum við von á því að tekið verði upp nýtt form á heimsíðu leikskóla, en það er í vinnslu hjá Reykjavíkurborg.

Leikskólinn innleiddi styttingu vinnuvikunnar í janúar 2021 og var hún útfærð þannig að starfsfólk vann einn dag í viku til kl. eitt og safnaði einum klukkutíma á viku til að taka út í fríi síðar. Þessi útfærsla gekk illa rekstrarlega séð og var því tekin ákvörðun í febrúar um að breyta til. Nú fær starfsfólk heilan frídag aðra hverja viku og reynum við að sjá til þess að deildir séu aldrei undirmannaðar sökum þess. Skiptir þetta gríðarlega miklu máli þar sem margar rannsóknir hafa sýnt að fleiri börn á hvern starfsmann dregur úr gæðum faglegs starfs og getur haft neikvæð áhrif á líðan barna. Almenn ánægja er á meðal starfsmanna með þessa útfærslu og virðist hún hafa aukið við lífsgæði starfsfólks. Er það von okkar að í náninni framtíð muni börnin í leikskólanum njóta sömu gæða.



Næsta haust munum við bjóða út eldhúsið og er stefnt á að Matartíminn taki að sér alla þjónustu í eldhúsi. Mun það hafa mikið hagræði í för með sér þar sem mannekla í eldhúsi hefur haft neikvæð áhrif á faglegt starf í leikskólanum. Felst það meðal annars í því að heilt stöðugildi af deild fer í eldhúsið auk þess sem starfsfólk á deildum er iðulega sett í afleysingar í eldhúsi sem er óásættanlegt. Við bætist að alltof mikið af tíma leikskólastjóra fer í eldhús reddingar í stað þess að vera að sinna faglegri forystu í skólamálum. Einnig viljum við koma á móts við fjölbreyttar þarfir og siði fjölskyldna, en flóran er orðin svo mikil að einn matreiðslumaður í eldhúsi getur ekki sinnt þessu starfi svo vel sé.

Því miður hafa ýmis verkefni sem ráðast átti í síðasta sumar ekki raungerst. Til að mynda var á áætlun að taka niður gluggana á ungbarnadeildinni Keili, þar sem núverandi hæð glugganna veldur því að börnin sjá ekki út allan daginn sem skerðir lífsgæði þeirra að okkar mati. Eins átti að ráðast í að bæta starfsaðstöðu í leikskólanum, skiptiaðstöðuna á Baulu og hljóðvistina í Stóru Hlíð. Það hefur valdið okkur miklum vonbrigðum að framkvæmdir séu ekki hafnar þrátt fyrir endurteknar beiðnir frá okkur.

Vinnueftirlitið kom í apríl og gerði úttekt í skólanum. Í skýrslu komu fram athugasemdir varðandi rakaskemmdir og starfsaðstæður sem ráða átti bót á í maí. Ekki hefur enn verið ráðist í þær úrbætur. Starfsfólk hefur líka orðið vart við auknar rakaskemmdir á ýmsum stöðum í leikskólanum eftir votviðrasaman vetur auk þess dæla í matarlyftu bilaði með þeim afleiðingum að mikið vatn safnaðist saman undir henni með tilheyrandi óþrifnaði og ólykt. Í kjölfarið hefur starfsfólk fundið fyrir miklum óþægindum. Við höfum óskað eftir því að fram fari ástandsskoðun í húsinu og vonum við sú vinna eigi eftir að eiga sér stað og að framkvæmdir hefist sem fyrst.

Þrátt fyrir allar þær áskoranir sem við höfum gengið í gegnum og við stöndum frammi fyrir þá er undirrituð gríðarlega spennt fyrir því að leiða skólastarfið í Hlíð. Ég hef mikinn metnað fyrir því að hér fari fram öflugt faglegt starf þar sem leikskólakennarar, starfsfólk, foreldrar og börn vinna saman með það að markmiði að bæta gæði leikskólastarfsins sem og námsárangur og vellíðan barnanna.

Anna Metta, leikskólastjóri í Hlíð

2 Ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Ytra mat var ekki framkvæmt skólaárið 2021-2022.

3 Innra mat Keilis

Aðlögunin gekk mjög vel að mati starfsfólks og foreldra. Björk og Hrafnhildur náðu í lok annar að útbúa bækling sem áætlað er að gefa nýjum foreldrum á næstu önn. Hann verður svo endurbættur ef breytingar verða á starfinu. Upplýsingablaðið ætlum við að bæta enn meira á næsta ári, þar sem við sáum hægt væri að gera enn betur.

Vináttuverkefni Blær.

Skipulagðar Blæ stundir voru því miður færri en við vildum hafa, en við náðum hins vegar að fletta honum inn í daglegt starf sem gerði börnin sjálfstæð og fóru að nota hann bæði fyrir sig og í samskiptum við aðra.

Foreldrar fengu kynningu á Blæ og Lubba á foreldrafundi og var spotify linkur af lögunum sendur í tölvupósti, ásamt því að hanga á töflu í andiri.

Málörvun, Lubbi: Það gekk mjög vel að innleiða málhljóðin. Í byrjun annar hélt Björk deildastjóri á Keili kynningu á Lubba fyrir starfsfólkið og sýndi ýmsar leiðir til að innleiða Lubba í starfið.

Við höfðum hvert málhljóð c.a. 2-3 vikur í senn. Veggspjöld með myndum, hljóði og söngtexta hékk í flestum herbergjum. Söngvarnir voru sungnir í samverustundum, daglegu starfi og í skipulögðum Lubbastundum, ásamt Lubba spili og hlustun.

Foreldrar fengu upplýsingar um málhljóðin í tölvupósti og á töflu í andiri, ásamt texta af söngnum og link á youtube.

Málörvun gekk vel, þó að ekki náðist að innleiða Tras, málþroskamat, né að búa til málörvunarpoka.

Hinsvegar náðist að gera margt annað. Eins og að búa til loðtöflumyndir sem börnin sjálf léku sér að setja upp og mynduðust mikil samskipti og málörvun. Það voru keyptar bækur sem börnin höfðu aðgang að öllum stundum og einnig voru loðtöflu myndir og sögur notaðar mikið í samverustundum, sem gerðu söng og sögur sýnilegri.

Á heildina litið gekk skólaárið mjög vel og höldum við áfram að meta og bæta starfið.

Umbótaáætlun

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðfe rðir?	Viðmið um árangur

	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Aðlögun	Að veita börnum og foreldrum enn betri aðlögun og innsýn í starfið í leikskólanum.	Gera endurbætur á upplýsinga-blaðinu og gera upplýsinga-bækling. Halda áfram að fara eftir áætlun, en þó með fyrirvara.	Björk og Hrafnhildur búa til nýjan bækling og endurskoða upplýsinga-blað. Deildastjóri hefur yfirumsjón aðlögunar.	Þegar barnið byrjar	Eftir 5 daga (ef allt gengur vel)	Skráning deildastjóra, Foreldraviðtöl /samtöl.	Deildastjórar meta og endurskoða að ári liðnu hvernig gekk, út frá eigin skráningu og frá viðtölum við foreldra.
Vináttuverkefni Blær	Halda áfram að æfa umhyggju, samkennd, vináttu og samvinnu í gegnum vináttuverkefni Barnaheilla - Blær.	Halda áfram að hafa litlu Blæ aðgengilega inni á deild og fletta þeim inn í leik og starf barnanna. Koma á skipulögðum Blæ stundum.	Deildastjóri sér um að skipuleggja og kenna þeim sem á að sjá um Blæ stundir (annar tekur þær) Eins yfirumsjón um hvernig er notaður.	sept-okt	Sumar lokun.	Metið og rætt á deildafundum	Deildastjórar meta og endurskoða að ári liðnu hvernig gekk, út frá eigin skráningu og frá því sem kom fram á deildafundum.
Málörvun Lubbi	Halda áfram að vinna með Lubba. Einblína á neðstu hljóðaklettana (málhljóð fyrir yngstu börnin). Koma á markvissum Lubbastundum. Kynna lögin í söngstundum og nota tákn og söng markvisst.	Setja fastar Lubbastundir inn í dagsskipulag og fastar manneskjur og staðgengla sem geta tekið stundirnar. Skipta um ný málhljóð aðra hvora viku.	Deildastjóri hefur yfirumsjón og sér um að kenna starfsfólki hvernig á að vinna með Lubba.	Sept-okt	Maí	Metið og rætt á deildafundum	Deildastjórar meta og endurskoða að ári liðnu hvernig gekk, út frá eigin skráningu og frá því sem kom fram á deildafundum.
Almenn málörvun	Halda áfram að halda söngstundir,	Búa til nýtt sönghefti yfir lögin sem við	Deildastjóri sér um að útbúa til sönghefti,	Byrjun skóla-árs	Sumar lokun	Metið og rætt á deildafundum	Deildastjórar meta og endurskoða að ári liðnu hvernig



	lestrastundir, loðtöflusögu- stundir. Gefa börnunum fleiri tækifæri til tjáningu og spjalls og aukins orðaforða.	syngjum. Gera fleiri loðtöflusögur, kaupa fleiri bækur til að lesa og harðspjalda bækur sem börnin hafa aðgengi að. Búa til málörvunarpoka með efni úr Sól. Hengja fleiri myndir upp á veggina og fyrir ofan skiptiborð.	loðtöflusögur og málörvunar- pokum. Deildastjóri og leikskólastjóri sér um kaup á bókum. Allt starfsfólk á deild tekur þátt í almenntri málörvun á deild.			og tras blöð verða útfyllt hjá þeim sem ná þeim aldri sem til þarf.	gekk, út frá eigin skráningu og frá því sem kom fram á deildafundum og út frá þeim tras blöðum sem verða gerðar.
--	--	--	---	--	--	---	--

4 Innra mat Baula

Á þessu skólaári skall Covid veiran á okkur af fullum þunga. Starfsfólk, sem fram að þessu hafði náð að halda veirunni nokkurn veginn í skefjum tók að veikjast af henni. Það ásamt öðrum veikindum starfsfólks og styttingar vinnuvikunnar reyndi mikið á þau sem eftir voru í vinnu og oft var aðeins hægt að halda dampi en ekki mikið meira en það. Loka þurfti deildum á víxl í öllum skólanum.

Við reyndum þó að halda uppi hópastarfi, sameiginlegum söngstundum og öðrum föstum liðum og gekk það ágætlega. Við fengum nýjan deildarstjóra á Keili sem varð til þess að áherslu umbótaáætlunar breyttust á báðum deildum. Nýi deildarstjórinn hefur unnið með verkefnið „Lubbi finnur málbein“ og við ákváðum að taka það upp í sameiningu s.s. fyrir bæði Baulu og Keili. Við ákváðum að þar sem börnin eru á svipuðum aldri á deildunum vildum við hafa svipað skipulag varðandi málörvun, skynörvun og hreyfingu en taka mið af þroska og etu hvers barns við val á viðfangsefnum.

Um áramótin hætti Elsa leikskólastjórinn okkar og Anna Metta tók við. Hún hefur unnið í skólanum í fjölda ára svo það voru auðveld skipti fyrir starfsfólk. Við þurftum ekki að kynnast nýjum skólastjóra þó hún hafi komið með nýjar áherslur.

Í upphaflegu umbótaáætluninni vorum við með þrjú atriði sem við vildum leggja áherslu á. Í fyrsta lagi vildum við nýta sköpunarkraftinn hjá starfsfólkinu á Baulu. Við vildum að starfsfólk kæmi með eigi hugmyndir um starfið. Við vildum fá ferskar hugmyndir sem við ætluðum að ræða á deildafundum.

Það gekk ekki vel að halda slíka fundi vegna manneklu. Starfsfólk kom þó með margar góðar hugmyndir um t.d. sjóræningjadaginn okkar.

Í öðru lagi vildum við efla skráningu okkar og hafa hana fjölbreytta. Við ætluðum að hafa skráningar um hina ýmsu flokka eins og t.d. sjálfshjál, leik og útiveru. Við náðum að skrá eitthvað og senda vikulega pósta til foreldra ásamt því að taka myndir úr starfinu og senda þeim. Við hengdum einnig upp myndir úr starfinu þar sem börn og foreldrar gátu skoðað og rætt. Þá settum við upp skráningar úr Lubba verkefninu og sendum reglulega link á Lubbalögin sem við vorum að vinna með, til foreldra. Það skilaði sér nokkuð vel og mörg börn lærðu lögin mjög vel.

Í þriðja lagi ætluðum við að vinna betur með bangsann Blæ. Við tókum þó ákvörðun um að sleppa honum þetta skólaár og einbeita okkur að Lubba, þar sem við vorum að læra á hann. Rætt var um það á deildarstjórafundundi að gott væri að fá betri kennslu og hugmyndir um Blæ verkefnið fyrir allt starfsfólk.

Ég er svo að fara í önnur verkefni á næsta skólaári og verð því ekki deildarstjóri. Umbótaáætlunin verður því sú sama og á Keili þar sem deildirnar vinna mjög náið saman. Nýr deildarstjóri gengur því inn í það skipulag í náinni vinnu með Björk sem stýrir Keili.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðfe rðir?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnih ópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Aðlögun	Að veita börnum og foreldrum enn betri aðlögun og innsýn í starfið í leikskólanum.	Gera endurbætur á upplýsinga- blaðinu og gera upplýsinga- bækling. Halda áfram að fara eftir áætlun, en þó með fyrirvara.	Björk og Hrafnhildur búa til nýjan bækling og endurskoða upplýsinga-blað. Deildastjóri hefur yfirumsjón aðlögunar.	Þegar barnið byrjar	Eftir 5 daga (ef allt gengur vel)	Skráning deildastjóra, Foreldraviðtöl /samtöl.	Deildastjórar meta og endurskoða að ári liðnu hvernig gekk, út frá eigin skráningu og frá viðtölum við foreldra.



Vínáttuverkefni Blær	Halda áfram að æfa umhyggju, samkennd, vínáttu og samvinnu í gegnum vínáttuverkefni Barnaheilla - Blær.	Halda áfram að hafa litlu Blæ aðgengilega inni á deild og fletta þeim inn í leik og starf barnanna. Koma á skipulögðum Blæ stundum.	Deildastjóri sér um að skipuleggja og kenna þeim sem á að sjá um Blæ stundir (annar tekur þær) Eins yfirumsjón um hvernig er notaður.	sept- okt	Sumar lokun.	Metið og rætt á deildafundum	Deildastjórar meta og endurskoða að ári liðnu hvernig gekk, út frá eigin skráningu og frá því sem kom fram á deildafundum.
Málörvun Lubbi	Halda áfram að vinna með Lubba. Einblína á neðstu hljóðaklettana (málhljóð fyrir yngstu börnin). Koma á markvissum Lubbastundum. Kynna lögin í söngstundum og nota tákn og söng markvisst.	Setja fastar Lubbastundir inn í dagsskipulag og fastar manneskjur og staðgengla sem geta tekið stundirnar. Skipta um ný málhljóð aðra hvora viku.	Deildastjóri hefur yfirumsjón og sér um að kenna starfsfólki hvernig á að vinna með Lubba.	Sept- okt	Maí	Metið og rætt á deildafundum	Deildastjórar meta og endurskoða að ári liðnu hvernig gekk, út frá eigin skráningu og frá því sem kom fram á deildafundum.
Almenn málörvun	Halda áfram að halda söngstundir, lestrastundir, loðtöflusögu- stundir. Gefa börnunum fleiri tækifæri til tjáningu og spjalls og aukins orðaforða.	Búa til nýtt sönghefti yfir lögin sem við syngjum. Gera fleiri loðtöflusögur, kaupa fleiri bækur til að lesa og harðspjalda bækur sem börnin hafa aðgengi að. Búa til málörvunarpoka með efni úr Sól. Hengja fleiri myndir upp á veggina og fyrir ofan skiptiborð.	Deildastjóri sér um að útbúa til sönghefti, loðtöflusögur og málörvunar- pokum. Deildastjóri og leikskólastjóri sér um kaup á bókum. Allt starfsfólk á deild tekur þátt í almennri málörvun á deild.	Byrjun skóla- árs	Sumar lokun	Metið og rætt á deildafundum og tras blöð verða útfyllt hjá þeim sem ná þeim aldri sem til þarf.	Deildastjórar meta og endurskoða að ári liðnu hvernig gekk, út frá eigin skráningu og frá því sem kom fram á deildafundum og út frá þeim tras blöðum sem verða gerðar.



5 Innra mat Grábrókar

Starfið á Grábrók gekk vel fyrripart skólaárs. Við lögðum áherslu á að hafa hópastarf vikulega þar sem hver starfsmaður var með verkefni vikulega. Við skiptum barnahópnum í þrennt. Vorum með málörvunarhóp, myndlistarhóp og svo hóp þar sem unnið var með fínhyreyfingar barnanna. Einnig fór málörvun barna fram í gegnum bóklestur, samtal, spil, leik og fleira. Á Grábrók höfum við lagt áherslu á að setja orð alla hluti inná deild ásamt því að aðstoða börnin í samskiptum sín á milli. Óskandi hefði verið að þau börn sem eru með annað tungumál en íslensku hefðu fengið markvissari málörvun. Þó var unnið vel með þau börn á deildinni og sýndu þau heilmiklar framfarir í málþroska. Samstaða var í starfsmannahópnum hvað varðar samskipti við börnin, með því að leiðbeina börnum og sýna þeim jákvæðan aga. Vel var tekið á móti börnum á morgnana og þau kvödd vel. Starfsfólk sýndi börnum og foreldrum virðingu og jákvæðni.

Í janúar var ákveðið að breyta fyrirkomulagi styttingu vinnuvikunnar í leikskólanum. Í stað þeirra þriggja tíma sem starfsfólk fór fyrir vikulega var ákveðið að hafa heilan dag hálfs mánaðarlega. Almenn ánægja hefur verið með þá breytingu.

Um áramótin var mikill viðsnúningur á starfsmannahaldi hér á Grábrók þar sem tveir starfsmenn yfirgáfu deildina og nýir komu inn í staðinn. Covid gerði vart við sig í leikskólanum og urðu veikindi á starfsfólki tíð á köflum. Við þurftum að glíma við mikil veikindi og fjarvistir starfsfólks á hverjum einasta degi frá áramótum.

Gengið hefur brösulega að halda skipulögðu hópastarfi mánuðina fyrir sumarfrí. Engu að síður höfum við verið dugleg að setjast niður með börnunum, skoða bækur, vera með þeim í leik eða einfaldlega spjalla um lífið og tilveruna. Allt til að efla málþroska og vináttubönd barnanna á deildinni.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur

Hópastarf	Próa hópastarf betur. Fá starfsfólk að koma með fleiri hugmyndir eftir þeirra áhugasviði.	Gefa starfsfólki tækifæri á að nýta sína styrkleika. Það fái undirbúningstíma til að skipuleggja hópastarf.	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar	Sept	Maí	Metið og rætt á deildarfundum. Þemu ákveðin á hausti og metin síðan mánaðarlega hvernig hefur gengið.	starfsfólk tekur virkan þátt í að undirbúa og framfylgja þeirri áætlun sem er.
Félagsfærni	Halda áfram að hjálpa börnum í samskiptum og vinna með <i>Vináttuverkefni Barnaheilla – Blæ</i> . Starfsfólk hefur verið samstíga í því að vinna með hegðun og leiðbeina í samskiptum milli barna.	1) Unnið með félagsfærni í öllum aðstæðum. 2) Umræður á hverjum deildarfundum. Þannig að starfsfólk stilli saman strengi sína og lögð sé áhersla á góð samskipti fullorðinna við börn. 3) Unnið með Blæ bangsa í minni hópum.	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar	Sept	Maí	Metið og rætt á deildarfundum	Börnin læra jákvæð samskipti sín á milli. Starfsfólk gefur börnum skýr skilaboð, setur þeim heilbrigð mörk og leiðbeinir þeim í samskiptum.
Tilfinningar	Að bæta líðan barna og kenna þeim að stjórna eigin tilfinningum	Tala um tilfinningar í samverustundum. Lesa bækur fyrir börnin um tilfinningar	Allir starfsmenn deildarinnar	Sept	Maí	Metið á deildarfundum og skipulagsdögum. hvað megi betur fara og hvernig hægt er að nota mismunandi leiðir að kynna tilfinningar fyrir börnunum	Að börnunum líði vel og þau læri á sínar eigin tilfinningar og kunni að stjórna þeim.
Læsi	Að gera ritmál sýnilegra á deildinni.	Merkja dótakassa með nafni innihalds. Einnig allt sem fer uppá vegg	Deildarstjóri	Sept	Maí	Endurmetið á vorönn hvort bæta þurfi aðgengi ritmáls.	Gera börnin meðvituð um ritmál



		verði merkt með ritmáli. t.d. dýr eða tölur					og þau læri stafina.
--	--	---	--	--	--	--	----------------------

6 Innra mat Laka

Veturinn var sérstakur að mörgu leiti, ekki síst vegna covid. Það var líka mikil starfsmannavelta á deildinni. Mikill tími deildarstjóra fór í að þjálfa nýja starfsmenn, og oft yfir árið. Undirbúningur var líka af skorum skammti vegna manneklu og styttingar.

Þrátt fyrir þessa annmarka gátum við nýtt hæfileika og áhugasvið starfsfólksins. Hópastarf gekk vel og við náðum að efla krakkana í námi og leik. Við vorum með þemu og smíðjur sem gengu vel. Það var leiðinlegt að ekki náðist nægur undirbúningur til að styðja við þetta starf, t.d. þurfti deildarstjóri gjarnan að vinna undirbúning heima.

Starfsfólk var almennt jákvætt í garð barnanna og tók leiðsögn vel. Áhersla var á að starfsfólk gæti talað saman og gæti tekið leiðsögn. Starfsfólk þróaðist í starfi.

Starfsmannavelta hafði að sjálfsögðu áhrif á börnin. Sum áttu erfitt með að þurfa alltaf að kynnst nýju fólki. Unnið var að málörvun á deildinni og stutt var við félagsfærni. Áhersla var á skýr skilaboð til barna og heiðarleika í samskiptum við þau.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun	Halda áfram að vinna með tungumálið og hljóðkerfisvitund. Vinna að málörvun fyrir börn með annað	Lestur, söngur, rím, setja saman orð o.s.frv. Leika með tungumálið Gott aðgengi að bókum til að skoða.	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.		júlí	Deildarstjóri hefur umsjón með að útdeila verkefnum til starfsfólks, efni til málörvunar,	Börnin sýna framför í orðaforða, skilningi og tjáningu. Þau sýna áhuga á söngvum, sögum og ritmáli. Tvítýngdu börnin sýna framfarir í



	tungumál en íslensku	Fjölbreytt ritmál í umhverfinu.				lesturs og söngva. Metið á deildarfundum.	orðaforða, skilningi og tjáningu.
Félags- færni	Halda áfram með að hjálpa börnum í samskiptum. Við erum ekki búin að vinna nógu markvisst með Blæ. Þurfum að finna betri takt í því. Starfsfólk hefur verið samstíga í því að vinna með hegðun og leiðbeina í samskiptum milli barna. Við höldum því áfram. Einnig að vinna áfram með sjálfsöryggi barna og sjálfstæði þeirra.	Unnið með félagsfærni í öllum aðstæðum. Umræður á hverjum deildarfundum. Þannig að starfsfólk stilli saman strengi sína og lögð sé áhersla á góð samskipti fullorðinna við börn. Fá börnin til að átta sig á eigin styrkleikum og gefa þeim tækifæri til að efla getu sína, með hvatningu og ýta undir þrautseigju. Kynna sér Blæ efnið betur.	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar.		júlí	Metið og rætt á deildarfundum.	Börnin læra að eiga árangursrík og jákvæð samskipti. Starfsfólk gefur börnum skýr skilaboð, setur þeim heilbrigð mörk og leiðbeinir þeim í samskiptum. Börnin sýna merki um öryggi, sjálfsöryggi og traust á eigin getu. Þau þora að takast á við áskoranir, sýna þrautseigju við verkefni.



Leikurinn	Skapandi leikur var efldur þetta skólaárið og það gekk vel. Börnin fengu meiri áhuga á sköpun og fengu að upplifa sig þróast í leik. Höldum áfram í þessu. Halda áfram að nota verðlausan efnivið eins og við gerðum mikið í vetur.	Gefa börnum tækifæri til að þróa leik sinn með skapandi efnivið og stuðla að því að efniviður sé fjölbreyttur og leikaðstæður fjölbreyttar.	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar.		júlí	Rætt og endurmetið á deildarfundum.	Starfsfólk læri að skoða fylgjast með þróun í leiknum og bregðast við áhuga barnanna, finna leikefni við hæfi og setja upp skapandi leikaðstæður.

7 Innra mat Askja

Starf deildarinnar gekk upp og ofan við vorum í miðjum heimsfaraldri með tilheyrandi veikindum og fjarvistum. Einn starfsmaður var í leikskólakennaranámi og var frá 3 morgna í viku og fór í 3 vikna vettvangnámi. Eftir áramót. Deildarstjórinn var eins í námi og var frá vinnu í 9 daga fyrir áramót. og 5 daga eftir áramót. Hópurinn okkar sem var 21 barn 7 drengir og 14 stúlkur við erum með 2 börn með stuðning annað með 8 tíma hitt með 2 tíma.

Í einni stofu á deildinni er ræstikompa og frá henni kemur oft slæm lykt og finnst okkur ekki í lagi að börnin séu að matast í þessari stofu. Við reyndum að gera breytingar á uppröðun borða en hættum við því það er of mikið að vera með 16 börn að borða í einni stofu. Við þurfum að skoða betur hvað er hægt að gera og hvort það sé ekki hægt að gera

kröfu um að það séu ekki geymdar rakar og skítugar moppur þarna inni. Ítrekuð samtöl við Hreint hafa ekki borið árangur.

Við nýttum betur möguleika deildar og útisvæðis með því að skipta hópnum í tvennt. Þá var hálf deildin úti fyrir hádegi og hinn helmingurinn inni í hópastarfi og rúlluðu hóparnir eftir dögum. Eftir hádegi fóru allir út. Þetta gekk mjög vel og munum við halda því áfram.

Ágætlega gekk að vinna með Blæ bangsa í tengslum við félagsfærni. Einnig notuðum Allir hrósa í samverustundum og skiptum hópnum oft upp þannig að börnin léku við sem flesta á deildinni. Einnig var það markmið okkar að starfsfólkið tæki meiri þátt í leik barnanna og mynduðu betri tengsl þannig. Þetta gekk ekki upp og skrifast það á starfsmannaeklu sökum heimsfaraldurs.

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefs t	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Starfsumhverfi deildarinnar það er ólykt í Barnafossum og eins er ræstikompan í Beljanda illa þrifinn og spurning hvort eðlilegt sé að láta börn borða þar inni Almenn þrif í skólanum eru til skammar	Það þarf að bæta þrif í skólanum starfsmenn gætu sópað oftar og passað að ekkert sé á gólfinu við þurfum að skoða hvort hægt sé að borða í færri stofum en ekki er hægt að borða í barnafossum vegna ólyktar og eins er oft ólykt í Beljandi	Það þarf að bæta þrif í húsinu Hreint (hreingerni ngjafyrirtæ kið) er ekki að standa sig og ástandið er mjög slæmt í húsinu og ekki boðlegt Það sem hægt er að gera krefst þess að skipt verði um fyrirtæki og	Rekstra raðilli þ.e. Reykjav íkurbor g Og Leikskól astjóri			Vonandi verður sjáanlegur munur	Hreinn skóli og heilbrigðara starfsfólk

		alþríf gert á húsinu					
Innleiðing Lubba	Með því að innleiða Lubba eflum við læsisstefnu og örvum málþroska barnanna	Námskeið fyrir starfsfólk og markvissa innlög kennsluefnis	Leikskól astjóri / Deildastjóri	Sept 2022	Vor 2023	Skriflegt mat starfsmanna á deildafundi á haustfundi og vörfundum Látta börnin meta sjónrænt	Lubbi sé sjáanlegur í skólanum og unnið sé eftir því sem ákveðið var það á að koma fram í skipulagi deildarinnar fréttum af starfinu og myndum
Leikur að læra	Unnið verður með hugmyndir leikur að læra sem part af læsisstefnu skólans	Námskeið um námskeiðið	Leikskól astjóri	Sept 2022	Vor 2022	Reglulegt mat á deildarfundum Sjónrænt ánægjumat barna	Námsefnið inn í skipulagi deildarinnar og notað
Félagsfærni unnið verður áfram með félagsfærni barna á deildinni með fjölbreyttum leiðum	Námsefnið Blær verður notað í samveru og hópastarfi, Við munum nota hrós verkefnið okkar áfram, Hvetja til jákvæðra samskipta og starfsmenn sýni fordæmi	Innleiðing fyrir nýtt starfsfólk á verkefnunum.	Deildars tjóri/starfsmenn	september 2023	Vor 2023	Reglulegt mat á deildarfundum 1 sinni að hausti og einu sinni að vori Sjónrænt ánægjumat barna	Námsefni og Verkferlar séu sýnilegir Fram komi í skipulagi deildarinnar að unnið sé eftir Börn eflist félagslega gerð sé vinakönnun í byrjun og lok skólaárs
Auka lýðræði barna á deildinni	Síðasta vetur unnum við aðeins með að auka lýðræði á deildinni við munum halda áfram með það	Gefa þeim tækifæri til að hafa áhrif á deildinni t.d. velja verkefni og herbergi ákveða	Starfsfólk deildastjóri	Vor 2022	Vor 2023	Meta á deildarfundum að vori	Komi fram í dagskipulagi og starfi deildarinnar



		hvar þau borða					
--	--	-------------------	--	--	--	--	--

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.



8 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

	Sérkennslan fór að mestu leyti fram inni á deildum. Gerð er áætlun fyrir barnið og lögð áhersla á að allir starfsmenn deildarinnar sinni barninu og þörfum þess. Einn starfsmaður er þó með mestu ábyrgðina og sinnir þá t.d. málörvun og félagsfærniþjálfun í litlum hópum. Skráning er oftast í formi dagnóta þar sem skráð er niður hvað er gert og hvernig gekk. fyrir það barn sem er í atferlisíhlutun er ítarlegri skráning. Þess má geta að börnum með sérkennslu fjölgaði töluvert þetta ár. Í september 2021 voru þau 4 en í maí 2022 voru þau orðin 10. Það sem helst var ábótavant var að sérkennslustjóri náði ekki eins vel og hann vildi að upplýsa starfsfólk deildanna um stuðningsþarfir barnanna. Til að bæta úr skorti á fundum setti hann möppu á hverja deild sem er aðgengileg öllu starfsfólki. Í þá möppu eru námskrár, skráningablöð, fundargerðir o.fl. settar. Þessi mappa er geymd í læstum skáp.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	Efi, Hljóm-2, Smábarnalistinn, Íslenski þroskalistinn, Orðaskil, AEPS. Einnig eru dagnótur notaðar til mats og á teymisfundum fer líka fram mat á stöðu barnsins. Sá starfsmaður sem hefur réttindi til að taka Efi varð leikskólastjóri um áramót og því hefur Efi ekki verið gert eftir áramót. Í vor fóru svo deildarstjórar og sérkennslustjóri á Tras námskeið og stefna að því að byrja að nota það í haus.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Mikið úrval spila er til í leikskólanum og þau mikið notuð og einnig bækur. IPad er einnig notaður töluvert. Einnig er heimagert námsefni notað. Ekki náðist að útbúa leiðbeiningar um skipulagðar málörvunarstundir eins og til

	stóð síðasta vetur. Bæði var það vegna þess að starfsfólk gat ekki átt samstarf þvert á húsið vegna Covid og eins vegna þess að verkefnastjóri í málörvun varð lsk.stjóri um áramót og náði því ekki að ljúka verkefnum sínum. Þetta verkefni er þó mikilvægt og þótt það taki tíma þá munum við halda því áfram.
--	---

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samstarf sérkennslu stjórn og deilda.	Að upplýsingar og leiðsögn um börn sem þurfa stuðning berist örugglega til allra starfsmanna á deildum og að þeir hafi tækifæri til að spyrja og velta málum fyrir sér.	Mjög mikilvægt er að deildarfundir verði haldnir reglulega. Þá gæti sérkennslustjóri komið reglulega á fundi með nýjar upplýsingar og ráðgjöf og fengið upplýsingar um hvernig gengur hjá barninu.	Þetta verkefni er samábyrgð allra; leikskólastjóra, deildarstjóra, og sérkennslustjóra. Síðasti vetur var erfiður vegna Covid. Blöndun milli deilda var ekki leyfð og því erfiðara að manna	Ok t. 22	Jan . 23	Metið á deildarstjórn afundi	Að hver deild nái að a.m.k. 1 deildarfundum í mánuði



			deild á meðan fundir voru. Eins voru mikil veikindi starfsmann a. En við stefnum á að hægt verði að gera betur næsta vetur.				
Málörvun á deildum	Að útbúa hugmyndabanka með málörvunarstundum fyrir allar deildir.	Að búa til hugmyndabanka með málörvunarstundum fyrir allar deildir. Þar kæmi fram hvað á að gera og hvaða námsgögn hægt er að nota. Einnig væru skráningarblöð fyrir hvert barn til að meta árangur.	Sérkennslustjóri, verkefnastjóri og deildarstjorar.	Ok t 22	Apr 23	Á deildarstjóra og deildarfundum.	Að hugmyndabankinn sé tilbúinn og að deildarstjorar, sérkennslustjóri og verkefnastjóri verði sáttir.



5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagn var að mestum hluta notað í stöðugildi verkefnastjóra.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Hver deild vinnur markvisst með orðaforða. Gefðu 10 var notað með börnum sem þurfti meiri íhlutun.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Á öllum deildum er unnið markvisst að því að dýpka orðaforða, m.a. í les- og samverustundum, málörvun, lubbastundum og í ákveðnum daglegum aðstæðum.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Hafin var vinna við að útbúa mat á málþroska tvítyngdra barna. Þeirri vinnu er ólukið.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Ekki náðist að taka starfsþróunarviðtöl vegna manneklu.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Leikskólinn var í samstarfi við Hlíðaskóla þar sem elstu börnunum var boðð í heimsókn í grunnskólann.

8 Foreldrasamvinna

Við vorum í góðum samskiptum við foreldra þetta árið en samstarf var af skornum skammti vegna takmarkana í skólastarfi og manneklu. Foreldrafélagið stóð fyrir ýmsum skemmtunum s.s. jólaleikrit og sumarhátíð.



9 Skipulagsdagar

22. sept – Ráðstefna leikskólastarfsfólks
18. okt – sameiginlegur með grunnskóla
13. feb – sameiginlegur með grunnskóla
10/21 apr – Skipulagsdagar (áætluð námsferð)
2. júní – skipulagsdagur

10 Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð hefur lesið starfsáætlun og gerir engar athugasemdir.

F. h. leikskólans Áslaug Magnúsdóttir

Anna Metta Norðdahl 30.12.2022

Leikskólastjóri

Dagsetning



